

AUGLÝSING um deiliskipulag í Flóahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Flóahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Breyting á deiliskipulagi Heiðargerðis, lóðir 7 og 8.*

Í breytingunni felst að lóðir nr. 7 og 8 við Heiðargerði sameinast í eina lóð sem verður 9.989 m² að stærð eftir sameiningu. Spennistöð sem gert var ráð fyrir við suðvesturhorn lóðar nr. 8 færst í austur á svæði fyrir skólpþreinsibúnað.

Samþykkt í sveitarstjórn 6. nóvember 2013.

2. *Deiliskipulag spildu úr landi Sviðugarða.*

Í deiliskipulaginu er mörkuð 2 ha spilda fyrir allt að 200 m² íbúðarhús og allt að 50 m² aukahús.

Samþykkt í sveitarstjórn 4. september 2013.

3. *Deiliskipulag stofnana- og íbúðarsvæðis á Pingborg.*

Í deiliskipulaginu eru markaðar lóðir fyrir félagsheimili, skrifstofur, leikskóla og íbúðarhús sem þegar eru byggð og tjaldsvæði. Með gildistöku deiliskipulagsins verður heimilt að byggja við húsin.

Samþykkt í sveitarstjórn 4. desember 2013.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlutið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 31. mars 2014.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 2. apríl 2014